



AÐGERÐAÁÆTLUN SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Aðgerðir Svalbarðsstrandarhrepps

vegna COVID-19

2. útgáfa – 21. ágúst 2020

*Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun
Svalbarðsstrandarhrepps og tilkynningar til íbúa um
ráðstafanir og þjónustustig hjá Svalbarðsstrandarhreppi*



Efnisyfirlit

Tilfnið.....	<u>22</u>
Samhengi	<u>22</u>
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig.....	<u>33</u>
Starfsemi Valsárskóla.....	<u>33</u>
Starfsemi Leikskólans Álfaborgar	<u>33</u>
Fyrir eldri borgara	<u>78</u>
Þjónusta og starfsemi á vegum Svalbarðsstrandarhrepps	<u>89</u>
Opnunartími og heimsóknir	<u>89</u>
Fundir	<u>910</u>
Eldhús, kaffi og veitingar	<u>910</u>
Hreinlæti og merkingar.....	<u>910</u>
Fjarvinna.....	<u>1011</u>
Ferðalög.....	<u>1011</u>
Annað - starfsfólk	<u>1112</u>
Frekari upplýsingar.....	<u>1112</u>
Gögn og upplýsingar annarra	<u>1213</u>



Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Svalbarðsstrandarhrepps leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru ítrekað endurmetin, sem og ráðstafanir hreppsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Svalbarðsstrandarhreppi er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisembættisins. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt.

Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Svalbarðsstrandarhrepps við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 2. útgáfa, 09. mars 2020. Viðbragðsáætlun hefur verið uppfærð og aðlöguð að þeim aðstæðum sem við blasa. Hér er aðgerðaáætlun 2. útgáfa [Sjá hér á vef Svalbarðsstrandarhrepps.](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Svalbarðsstrandarhrepps sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk hreppsins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í skólum og starfsemi Svalbarðsstrandarhrepps til að (a) varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar og (b) undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður. **Aðgerðaáætlunin er í stöðugri endurskoðun.**

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar á heimasíðu sveitarfélagsins.



Í þessari samantekt er einnig að finna skilaboð frá stofnunum tengdum sveitarfélaginu, auk upplýsinga frá aðilum sem þess hafa óskað.

Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Aðgerðaráætlun er að finna í heild sinni á heimasíðu Svalbarðsstrandarhrepps. Tilkynningar, ábendingar og tilmæli birtast á heimasíðunni og á facebook síðu hreppsins.

Starfsemi Valsárskóla

Líkt og aðrir skólar í næsta nágrenni og um land allt fylgir Valsárskóli leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda og sveitarfélagsins frá degi til dags. Markmiðið í aðgerðaáætlun 2 er að tryggja að ekki séu of stórir hópar saman á hverjum tíma og tryggja þannig að hægist á dreifingu smits.

- Valsárskóli er starfandi og kennsla er skipulögð út frá viðmiðum yfirvalda.
- Ef nemandi/ur eru heimavið í sóttkví fer kennsla fram í gegnum tölvu.
- Eiginleg stundartafla gildir, kennsla og starf er aðlagð að aðstæðum.
- Þeir kennarar sem ekki eru umsjónarkennarar fylgja ákveðnum hópum.
- Verkgreinakennsla fer fram eftir stundarskrá.
- Íþróttakennsla fer fram eftir stundarskrá.
- Stofuskipan bekkja:
 - Nemendur í 1.-2. bekk verða á Tjörnum
 - Nemendur í 3.-4. bekk verða á Streng
 - Nemendur í 5.-6. bekk verða á Flúðum
 - Nemendur í 7.-10. bekk verða í Læk og Straumi
- Innganga nemenda:
 - 1.-10. bekkur verður í norður forstofu – norðurvegg
 -



- Tónlistarkennsla er með óbreyttu sniði
- Matartímar nemenda er með óbreyttu sniði
- Skóli er frá 08:00-13:00
- Skólabíll kl. 14:00
- Nemendur fá úthlutað sætum í skólabíl
- Vinaborg er opin og starfsemi óbreytt
- Þrif hafa verið aukin tímabundið í almennum rýmum og á öllum snertiflötum.
- Aukin þrif eru í matsal og nemendur þvo hendur og spritta fyrir og eftir mat.
- Bókasafn er opið.
- Skilaboðum er komið til foreldra í gegnum Mentor, tölvupóst, heimasíðu og facebook síðu skólans.
- Allt samstarf milli Álfaborgar og Valsárskóla er með hefðbundnu sniði.
 - söngstund
 - útiskóli
 - leikur að læra
 - sérkennsla
 - forskóli tónlistarkennslu
- Heimsóknunum og ferðum á viðburði hefur verið frestað.
- Fundum sem ekki eru brýnir er frestað og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst.
- Aðgangur þeirra sem eiga ekki beint erindi í skólann, er bannaður og fólki bent á að senda tölvupóst á maria@svalbardsstrond.is. Starfsmenn skóla, nemendur, kennarar og lykilstarfsmenn sveitarfélagsins hafa stýrðan aðgang að skólanum, aðrir ekki.
- Þjónustusímar eru:
 - Valsárskóli464 5510

Starfsemi Leikskólans Álfaborgar

Líkt og aðrir skólar í næsta nágrenni og um land allt fylgir Álfaborg leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda og sveitarfélagsins frá degi til dags. Markmiðið í aðgerðaáætlun



2. útgáfu er að tryggja að ekki séu of stórir hópar saman á hverjum tíma og tryggja þannig að hægist á dreifingu smits.

Foreldrar verða að taka ákvörðun um skólavist barna sinna ef þau eða einhver á heimilinu er með undirliggjandi sjúkdóma og þeir óttast veru þeirra í skólanum. Foreldrar geta haft samband við eftirfarandi starfsmenn ef eitthvað er eða þeir óöruggir. Hægt er að ná í Margréti Jensínu í síma 696-1528 og á netfangið maggajensa@svalbardsstrond.is eða Ásdísi sími 663-6862 og á netfangið asdis@svalbardsstrond.is

Eftirfarandi eru ráðstafanir í leikskólanum Álfaborg:

- Álfaborg er starfandi og starfið skipulagt út frá viðmiðum. Nemendum er skipt upp í þrjá hópa.
- Álfaborg er opin alla virka daga frá kl. 07:45-16:00.
- Gengið er inn um sitthvorn innanganginn fyrir yngri deild (Hreiður) og eldri deild (Rjóður).
- Tekið er á mótum börnum í forstofu frá kl. 7:45-8:15. Ef börn koma seinna en það biðjum við ykkur um að hringja í 464-5505 (eldri deild) eða 464-5506 (Hreiðrið) svo starfsmaður geti tekið á mótum barninu.
- Ef breytingar verða á þeim tíma sem börn koma í leikskólann eða eru sótt eru foreldrar beðnir um að hringja áður. Foreldrar koma með börn/ná í börn í forstofu og fara ekki inn í skólann (464-5505 í Álfaborg og 464-5506 Hreiður).
- **Álfaborg lokar kl. 16:00 og eru börn sótt á útisvæði, börn á Hreiðri eru sótt í anddyri.**
- Boðið er uppá hafragraut í upphafi dags auk þess sem í er morgunkorn og lýsi.
- Matur frá eldhúsi fer á deildir án viðkomu á öðrum deildum.
- Útivist er skipt á milli deilda þannig að hóparnir séu ekki samtímis úti á sama svæði.
- Þrif hafa verið aukin tímabundið í almennum rýmum og á öllum snertiflötum.
- Skilaboð um handþvott hanga víða um skólann.
- Skilaboðum er komið til foreldra í gegnum tölvupóst, heimasíðu og facebooksíðu skólans.
- Allt samstarf milli Álfaborgar er með hefðbundnu sniði.



- söngstund
- útiskóli
- leikur að læra
- sérkennsla
- forskóli tónlistarkennslu
- Heimsóknum og ferðum á viðburði hefur verið frestað.
- Allar heimsóknir í leikskólann eru bannaðar og biðjum við foreldra að koma ekki inn í skólann.
- Aðgangur þeirra sem eiga ekki beint erindi í skólann, er bannaður og fólki bent á að senda tölvupóst á maggajensa@svalbardsstrond.is og asdis@svalbardsstrond.is á Hreiðri. Starfsmenn skóla, nemendur, kennararar og lykilstarfsmenn sveitarfélagsins hafa stýrðan aðgang að skólanum, aðrir ekki.
- Fundum sem ekki eru brýnir er frestað og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst. Foreldraviðtöl eru framkvæmd eftir leiðum sem auglýstar eru sérstaklega.
- Þjónustusími er:
 - Álfaborg 464 5505
 - Álfaborg/Hreiður 464 5506



Fyrir eldri borgara

Hringt er í eldri borgara ef ástæða er til og skilaboðum komið til þeirra í gegnum facebook og með auglýsingu á heimasíðu sveitarfélagsins.

Forsendan er sú að vernda hópinn sem er í mestri áhættu fyrir smiti vegna Covid-19, skv. leiðbeiningum landlæknis. Það er m.a. gert með því að draga úr samgangi fólks og huga vel að því á hvernig stöðum/svæðum fólk kemur saman.

Útgangspunktur okkar allra er að aðlaga þjónustu, félagsstarf eða starfsemi að þeim tilmælum sem koma frá embætti Landlæknis og Almannavörnum. Við óskum eftir því að nú leggjumst við öll á eitt og hugsum út fyrir kassann; **hvernig getum við veitt hvert öðru stuðning og átt í samskiptum, eftir nýjum og óhefðbundnum leiðum?**

Einnig - í samstarfi við félagasamtök – reynum við að veita skýrar upplýsingar til eldri borgara og þeirra sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Ertu með hugmyndir eða spurningar?

Það er velkomið að hafa samband við Björgu sveitarstjóra á skrifstofu hreppsins í síma 464 5500, eða senda skilaboð gegnum Facebook-síðu

Svalbarðsstrandarhrepps – hér: www.facebook.com/Svalbarðsstrandarhreppur

eða gegnum netfangið postur@svalbardsstrond.is



Þjónusta og starfsemi á vegum Svalbarðsstrandarhrepps

Opnunartími og heimsóknir

við biðjum gesti um að takmarka heimsóknir í stofnanir og húsnæði hreppsins, nema fyrir þau sem þangað eiga brýn erindi. Það er í höndum forsvarsmanna leik og grunnskóla að sjá um framkvæmd á þessu. Við óskum eftir góðri samvinnu og skilningi. Nánar tiltekið er um að ræða:

A. Algert bann, sem gildir um:

- **Eldhús leik- og grunnskóla:**
 - Aðgangur annarra en matráða, ræstingafólks, skólastjórnenda og umsjónarmanns fasteigna er bannaður.

B. Veruleg takmörkun, sem gildir um notendur þjónustu

- **Leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli:**
 - Nemendur fara ekki í heimsóknir í aðrar stofnanir um óákveðinn tíma. Gildir þó ekki um útiveru.
 - Engar heimsóknir utanaðkomandi aðila eru leyfðar til stofnanna.
 - Foreldrafundum er frestað eða sinnt í síma.
 - Komur forráðamanna sem fylgja ungum börnum í og úr skóla eru skipulagðar af skólastjórnendum. Forráðamenn sýni aðgát.
- **Ráðhús Svalbarðsstrandarhrepps**
 - Einungis viðskiptavinir með brýn erindi sem ekki er hægt að leysa í gegnum síma eða tölvupóst.
 - **Takmarkanir eru á heimsóknum og biðjum við um að erindi séu send í tölvupósti eða hringt. Símatími er milli kl. 10:00 og 12:00 alla virka daga í síma 464 5500. Hægt er að senda tölvupóst á postur@svalbardsstrond.is**
- **Áhaldahús, umsjón fasteigna**
 - Einungis starfsfólk.



C. Opið fyrir notkun húsanna, en hvatt til tillitssemi:

- **Bókasafn**

- Bókasafnið er opið á venjulegum tímum og ef breytingar verða á er það auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.

Kæru viðskiptavinir! Við hvetjum til samskipta í síma, tölvupósti eða fjarfundi. Sjá upplýsingar neðst í skjali.

Fundir

Eftirfarandi kafli var samþykktur af sveitarstjórn 17. mars 2020:

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa.
- Fundi nefnda, ráða og sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps má halda sem fjarfundi, ef nauðsyn krefur, sbr. væntanlega breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.
 - Leiðbeiningar um fjarfundi, fyrir starfsfólk, sveitartjórnarfólk og nefndarfólk, verða gerðar aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.
 - Fyrir vinnufundi og óformlega fundi má nýta fundarsíma/fjölsímtöl.
- Starfsfólk sveitarfélagsins skal ekki taka þátt í fundum utanhúss, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal þó leita eftir því að taka þátt gegnum fjarfund.

Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Matar- og kaffitímar (áhöld, aðferðir, frágangur) endurskipulagðir.
- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk skulu ekki haldnir.
- Framboð af matvælum í ísskáp takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.) Matur starfsfólks sé í lokuðum umbúðum.

Hreinlæti og merkingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.



- Hvetjum til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur langmestu máli og sprittun. Handþvottur skal ávallt valinn, sé þess kostur, en um 25 sek þvottur með sápu skilar mestum árangri, skv. leiðbeiningum.
- Í stofnunum okkar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, auk handáburðar fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Að upplýsa og fræða: Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku hið minnsta).
- Skólastjórnendur skulu sjá til þess að áherslur í þrifum verði endurskoðaðar og fara yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa (og spritta) sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv.

Fjarvinna

- Til þess getur komið að starfsfólk þurfi að vinna fjarvinnu, þ.e. í störfum þar sem það á við. Það gæti t.d. komið til vegna ráðstafana við að aðskilja starfsfólk og minnka samgang milli þess og/eða við viðskiptavini.
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Stjórnandi, deildarstjóri í leikskóla, verkefnastjóri í grunnskóla eða sveitarstjóri, ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Stjórnendur stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings, þannig að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða sveitarstjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.
- Starfsfólk er hvatt til að kynna sér aðgengilegar leiðbeiningar um fjarfundi.
- Það starfsfólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða á nána aðstandendur með undirliggjandi sjúkdóma, sem ekki verður komist hjá að eiga dagleg samskipti við, er hvatt til að vinna heima sé þess kostur, komist útbreiðsla smits á það hátt stig að fólki sé þá veruleg hættu búin. Slíkt skal ákveðið í samráði við yfirmann.

Ferðalög

- Engar ferðir til útlanda verða á vegum Svalbarðsstrandarhrepps. Þetta gildir þangað til annað verður ákveðið.



- Starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni. Sjá næsta kafla.

Annað - starfsfólk

- Förum eftir fyrirmælum landlæknis.
- Þau sem finna fyrir veikindum mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þau fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu.
- Við mælumst til þess að starfsfólk sveitarfélagsins takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum og mannamótum utan vinnu.
- Þau sem telja sig hafa verið í samskiptum við einstaklinga sem eru í sóttkví eða hafa fengið veiruna skulu vinna í fjarvinnu.
- Við heilsumst ekki með handabandi og sleppum allri snertingu.
- Sjá nánar í viðbragðsáætlun Svalbarðsstrandarhrepps.
- Um greiðslur Svalbarðsstrandarhrepps til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna COVID-19, fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. mars 2020.

Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Svalbarðsstrandarhrepps; www.svalbardsstrond.is

Við erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/Svalbarðsströnd/>

Senda má fyrirspurn á netfangið postur@svalbardsstrond.is, sem er vaktað pósthólf, eða hringja í 464 5500 (ráðhús).

Þá er hægt að óska eftir og skila inn gögnum, svo og sækja um ýmsa þjónustu og leyfi á vef Svalbarðsstrandarhrepps undir [eyðublöð](#).

Við bendum á símanúmerin okkar og netföng: [Netföng og símanúmer starfsfólks](#)

- **Grunnskóli**
 - www.skolar.svalbardsstrond.is



- valsarskoli@svalbardsstrond.is
- s. 464 5510
- **Leikskóli**
 - www.skolar.svalbardsstrond.is
 - alfaborg@svalbardsstrond.is
 - s. 464 5505

Gögn og upplýsingar annarra

Minnt er á [vef landlæknis](#) þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar um COVID-19 sem eru uppfærðar í rauntíma.

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga.](#)

Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.

[Samband íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum.](#)

Svalbarðseyri 21.08.2020

Björg Erlingsdóttir

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps